

11. Deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðal-
skipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 gilda án tillits til þess
hvort þær hafa verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipu-
lagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þegar
sótt er um byggingarleyfi í götureit eða reit þar sem framkvæmt hefur verið í verulegu
ósamræmi við samþykkt deiliskipulag skal endurskoðun á deiliskipulagi fara fram áður
en byggingarleyfisumsókn er afgreidd, enda sé um verulega framkvæmd að ræða. Að
öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 26. gr.
12. Samþykktir sem reynslusveitarfélög hafa sett sér með heimild í 16. gr. laga um reynslu-
sveitarfélög, nr. 82/1994, halda gildi sínu til 1. mars 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.